

### Áður en þú ferð í frammistöðu/starfsmannaviðtalið

Mikilvægt er að þú sem þátttakandi í samtalinu gerir þér grein fyrir hvað það er sem þú vilt ræða. Undirbúningur er lykilatriði. Mikilvægt er að þú setjist niður og skoðir hug þinn til ýmissa hluta er varða starfið og vinnustaðinn, skrifir niður allt sem þú telur þig hafa gert vel á liðnu ári og einnig starfstengd markmið þín. Punktur til umhugsunar:

#### Hvernig er ég hvað varðar t.d.

- framtakssemi
- samstarfshæfni
- ábyrgðarkennd
- getu til að gagnrýna og taka gagnrýni
- afköst
- félagslyndi

#### Hverju vil ég breyta hjá sjálfum mér hvað varðar t.d.

- persónulega eiginleika
- félagshæfni
- vilja til að takast á við ný verkefni
- sveigjanleika
- samstarfshæfni

#### Hvernig er vinnustaðurinn með tilliti til t.d.

- upplýsingamiðlunar, t.d. um markmið starfseminnar
- skipulags og þróunar
- tengsla milli yfirmanns og undirmanna
- tengsla milli starfsmanna almennt

#### Hverju vil ég breyta á vinnustaðnum hvað snertir t.d.

- vinnuskipulag
- tæknibúnað og notkun hans
- þróun starfseminnar
- stjórnun

#### Hverju vil ég koma á framfæri?

- óskum um fræðslu
- óskum um breytingar á verksviði
- óskir um að takast á við ný verkefni
- óskir um að flytjast í annað starf

#### Um hvað er rætt í samtalinu?

Almennt um sl. ár, hvernig gekk og hvað mun gerast í tengslum við starf þitt á þessu ári.

Markmið sem hafa verið sett og hvernig þau snerta þig og starf þitt.

Frammistöðu þína og árangur í starfi.

Hvernig finnst þér starfið hafa gengið?

Hvaða þekkingu eða reynslu vilt þú afla þér sem tengist starfinu?

Þetta er fyrst og fremst **tækifæri fyrir þig** til að koma skoðunum þínum á framfæri við yfirmann þinn, þar sem þið gefið ykkur góðan tíma til að spjalla. Því er mikilvægt að þú sért búin(n) að gera þér grein fyrir hvað það er sem þú ert ánægður með og hvað þér finnst að megi betur fara varðandi þig og vinnustaðinn þinn. Launamál eru hins vegar ekki til umræðu í þessu samtali.

Góður undirbúningur tryggir gott frammistöðuviðtal! **Gangi þér vel.**